


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	LÍFS1LO1S Haustönn 2019	

Kennari	Sigrún Fanney Sigmarsdóttir	Sk.st.	SFS
----------------	-----------------------------	---------------	-----

Námsgrein: Náms- og starfsfræðsla, lífsleikni, samfélagsfræði og heilbrigðisfræði.

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur fræðslu um þá möguleika sem bjóðast að loknu námi á starfsbraut varðandi frekara nám, störf og áhugamál. Fjallað verður um sjálfstæða búsetu svo sem mismunandi búsetuform, færslu heimilisbókhalds, áætlanir um matarinnkaup, skipulagningu heimilishalds og fleira tengt því. Heilsusamlegt líferni verður til umfjöllunar og sá ávinningur sem felst í því. Þá er fjallað um réttindi, ábyrgð og skyldur einstaklinga sem borgara og þátttakenda í lýðræðissamfélagi. Einnig verður fjallað um þátt stéttarfélaga og hlutverk þeirra í samfélaginu og nemendur læra að lesa og skilja launaseðla og hvar sé hægt að nálgast þá sem og upplýsingar um þá.

Viðfangsefni:

Náms- og starfsleiðir eftir starfsbraut, búsetuform, áhugasvið, undirbúningur fyrir útskrift, heimilisbókhald, heilsusamlegt líferni og virkni í samfélaginu.


Forkröfur:

Nemandi þarf að vera á 7. önn á starfsbraut.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað það þýðir að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi
- hvað þurfi til að búa í sjálfstæðri búsetu
- hvaða möguleika hann hafi til frekara náms
- hvar hann leitar eftir starfi og hvaða leiðir hann hefur til að fá það starf sem hann óskar eftir
- mikilvægi frístundastarfa og félagslegrar virkni
- heilsusamlegu líferni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	LÍFS1LO1S	
	Haustönn 2019	

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- halda heimilisbókhald
- gera áætlanir um innkaup
- framkvæma þrif á heimili
- leita eftir upplýsingum um opinbera þjónustu s.s á netinu
- afla sér upplýsinga varðandi launaseðla og því tengdu
- lesa innihaldslýsingar með tilliti til hollustu og góðrar heilsu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta möguleika sína hvað varðar nám, atvinnu og áhugamál
- skipuleggja heimilishald hvort sem er einn eða með öðrum
- nýta sér tómstunda- og félagsstörf
- búa til eigin ferilskrá hvort sem er einn eða með öðrum
- njóta samveru og líðandi stundar
- lifa heilbrigðu lífi

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Matslisti	Metið fjórum sinnum á önn, 10% hvert skipti.		40%
Tímaverkefni	Nemandi þarf að skila 3/4 verkefnum.		20%
Heimaverkefni	Fjögur heimaverkefni, 5% hvert.		20%
Munnlegt próf	Munnlegt próf úr efni annarinnar.		10%
Sjálfsmat	Nemendur gera sjálfsmat í tíma.		10%
		Samtals:	100%
Annað: Námsmatið er gert með fyrirvara um breytingar.			

Dagsetning: 21.08.19


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils